

réttur setja áfrýjanda frest til að afhenda greinargerð og málgögn eftir ákvæðum 156. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

4. Hafi áfrýjandi lagt fram greinargerð fyrir Hæstarétti og afhent ágríp dómsgerða fyrir gildistöku þessara laga en stefndi ekki lagt fram greinargerð fyrir sitt leyti skal Hæstiréttur setja honum frest til að afhenda greinargerð og málgögn fyrir sitt leyti skv. 159. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

5. Hafi greinargerðir aðila verið lagðar fram í máli fyrir Hæstarétti fyrir gildistöku þessara laga og því hefur verið frestað til frekari gagnaöflunar skal Hæstiréttur setja aðilunum frest til að ljúka henni skv. 160. gr. Upp frá því skal málið rekið eftir reglum þessara laga, en fyrri ákvörðun um fyrirtöku máls fyrir Hæstarétti fellur þá niður.

6. Nú er mál tilbúið til munnlegs málflutnings eða málflutningur hefur þegar farið fram en máli er þó ekki lokið fyrir Hæstarétti við gildistöku þessara laga og gilda þá reglur þessara laga um frekari meðferð þess eftir því sem getur átt við.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi 39.–59. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Hæstarétt skipa níu dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

2.–3. mgr. 3. gr. laganna verða svohljóðandi:

Ef kærður er úrskurður sem varðar rekstur máls í héraði, kærumálið er skriflega flutt og það varðar ekki mikilvæga hagsmuni getur einn dómari skipað dóm í því. Annars skulu þrír dómara skipa dóm í kærumáli nema sérstaklega standi á. Þrír dómara geta enn fremur skipað dóm í einkamáli ef úrslit þess varða ekki mikilvæga hagsmuni að mati dómsins. Þá geta þrír dómara skipað dóm í opinberu máli ef almenna refsingin, sem liggur við broti, er ekki þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að átta árum.

Dómurinn ákveður hve margir dómara skipa dóm í hverju máli. Þegar fimm eða sjö dómara skipa dóm í máli skulu eiga þar sæti þeir sem eru elstir að starfsaldri við Hæstarétt, en dómari skv. 4. gr. verður þá ekki kvaddur til setu í dómi nema tölu dómara verði ekki náð í máli vegna forfalla eða vanhæfis reglulegra dómara.

3. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Eins má fara að í einstaka málum ef sérstaklega stendur á vegna anna þótt sæti einskis hæstaréttardómara sé autt af áðurnefndum ástæðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. Sú viðbót, sem er gerð við 1. mgr. 4. gr. með 3. gr. þessara laga, fellur úr gildi 31. desember 1996.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um brunavarnir og
brunamál, nr. 41/1992.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er hljóða svo:

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur skv. 1. og 2. mgr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

2. gr.

8. gr. laganna hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita slökkviliðsmanni löggildingu þegar hann hefur lokið grunnnámi fyrir slökkviliðsmenn og jafnframt gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár samfellt.

Félagsmálaráðherra setur nánari ákvæði um grunnnám og aðra menntun slökkviliðsmanna í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 26. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.